

21. desember 2016

Til efnahags- og viðskiptanefndar.

mér barst nú fyrir stundu neðangreindur póstur og ég var beðin um að mæta á fund nefndarinnar nú kl. 17. Mér er það ómögulegt, en með þeim fyrirvara að ég hef haft afar stuttan tíma til að setja mig inn í málið vildi ég koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri um efni póstsins sem vísað er til.

Samkvæmt frumvarpinu verður skipun kjararáðs með þeim hætti að það er ólíkt flestum stjórnarsýslunefndum, en ráðherra skipar ekki ráðsmenn. Fyrir skipuninni eru væntanlega m.a. rök lík þeim sem formaður DÍ nefnir hér að neðan. Hins vegar tekur kjararáð ákvarðanir sem má halda fram að séu stjórnarsýsla í eðli sínu. Það er skoðun mín, að það skili litlu að reyna að komast til botns í því hvor þessi rök (eðli starfs ráðsins eða skipun í ráðið) séu ríkjandi og hvort rétt sé almennt að flokka Kjararáð sem stjórnarsýslunefnd eða ekki.

Eftir stendur að frumvarpið miðar að því að tryggja sjálfstæði Kjararáðs og að það er skýrt m.a. af áliti meirihluta nefndarinnar að "Rökin fyrir því að tiltekin embætti falla undir ákvörðun sjálfstæðs úrskurðaraðila eru sérstaða þeirra samkvæmt stjórnarskrá eða að eðli starfsins er þannig að ekki er talið æskilegt að handhafi framkvæmdarvalds fjalli um launakiörin." Ég tel því óþarfa að kveða á um að Kjararáð sé stjórnarsýslunefnd: Sammæli virðist um (í frumvarpinu og áliti meirihlutans) að það sé sjálfstæður úrskurðaraðili og það er óþarfi að vekja spurningar um hvort það sé í raun handhafi framkvæmdarvalds í þeim skilningi sem allir eru sammála um að eigi ekki að taka ákvarðanirnar, eða ekki.

Með góðri kveðju,
Ragnhildur Helgadóttir,
prófessor við Háskólann í Reykjavík